

124. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Ingvar Halldórsson, Már Karlsson og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 11. apríl 2011 kl. 12:15

Þetta gerðist

1. Undirbúningur fyrir aðalfund og ráðstefnu 2011
 - Rætt var um dagsetningu aðalfundar og hvort færa ætti fundinn vegna fundar SATS á Dalvík sömu helgi. Ákveðið var að halda óbreyttri dagsetningu, 6. maí nk.
 - GBF gerði grein fyrir sal sem bókaður hefur verið og kostnaði við salinn, græjur og mat. Ráðstefnan verður í Græna salnum á Restaurant Reykjavík við Vesturgötu 2.
 - Þátttökugjald á aðalfund og ráðstefnu í kjölfarið var ákveðið 6.000 kr. fyrir Fenúr félag, 1.500 fyrir námsmenn og 8.000 kr. fyrir aðra.
 - Fundarstjórar aðalfunda og ráðstefnustjórar hafa yfirleitt verið nefndarmenn umhverfisnefnda þar sem aðalfundur er haldinn. GBF kannar hvort Karl Sigurðsson formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur geti stýrt aðalfundi og Ellý K. Guðmundsdóttir sviðsstýra Umhverfis- og samgöngusviðs geti stýrt ráðstefnunni.
 - RHH setur upp skýrslu stjórnar og sendir stjórnarmönnum drög.
 - Sigríður starfsmaður Sorpu er að taka saman ársreikning Fenúr. Gunnar Bragason og Jón Steingrímsson eru skoðunarmenn. Senda þarf reikningana tímanlega til skoðunarmanna. Starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs verður unnin þegar ársreikningurinn liggur fyrir.
 - Stefnt er að því að kynna nýja heimasíðu Fenúr og nýjan þjónustusamning Fenúr við Sorpu á aðalfundinum.
 - Dagskrá ráðstefnunnar: Hrefna hefur staðfest að hún flytji erindi um heimsókn hennar til ESB í Brussel. Sigríður Björnsdóttir innkaupastjóri HÍ hefur staðfest að hún muni flytja erindi um breytta flokkun sorps við HÍ. RHH ætlar að ræða við UST og Umhverfisráðuneytið varðandi erindi um það sem er á döfinni hjá UST og eða ráðuneytinu. Helgi Már verður á fundi SATS á Dalvík og getur því ekki verið með erindi um breytta sorphirðu á Akureyri. Rætt um erindi varðandi díoxínmengun frá sorpbrennslum. Ákveðið var að bíða með að hafa samband við Þór hjá Mannvit en þess í stað hafi GBF samband við starfsmann MAST sem nýlega flutti erindi um málið. GBF heldur erindi um breytta sorphirðu í Reykjavík. RHH ræðir við Einar Vilhjálmsson um erindi varðandi metannotkun, framleiðslu metans, fjölgun metanbíla og framtíðarsýn.
2. Fjölgun félagsmanna
 - Rætt um að RHH útbúi kynningarbréf um fagráðið og sendi á aðila sem Guðmundur Tryggvi hefur listað upp.

Næsti stjórnarfund verður á mánudaginn 18. apríl nk. kl. 11:30 hjá Sorpu í Gufunesi.

Fundi slitið kl. 13:30

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson